

Skógarferð til Skotlands haustið 2011



Eitt af einkennum hálandanna er sér nautgripakyn, „Highland cattle“. Mynd: RF

Skógræktarfélag Íslands hefur í á annan áratug staðið fyrir almennum fræðsluferðum til útlanda og í ár var stefnan tekin á hálöndin í Skotlandi. Ferðin var skipulögð í samráði við skógfræðinginn og Íslandsvininn Alexander „Sandy“ Robertson, sem er mörgu skógræktarfólki hér að góðu kunnur, en hann hefur komið margsinnis til landsins í ýmsum erindagjörðum. Næstu nágrannar okkar fyrir sunnan reyndust vinsælir, en alls voru það 75 ferðalangar sem héldu til Skotlands þann 25. október, en ferðin var alls átta dagar og var komið heim þann 2. október. Sandy var leiðsögumaður í ferðinni, en auk hans sáu Einar Gunnarsson, Skógræktarfélagi Íslands, og Kristján Baldursson, ferðaskrifstofunni Trex, um fararstjórn og Aðalsteinn Sigurgeirsson, Skógrækt ríkisins, sá um túlkun.

Höfundur Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ferðasaga

Ferðin hófst á flugi til Glasgow sunnudaginn 25. október. Þar tók skoska sumarið á móti hópnum með rigningu, en þetta sumar mun hafa verið sérlega rigningasamt í Skotlandi. Stigið var upp í rútu og stefnan tekin norður til höfuðstaðar hálandanna, Inverness. Á leiðinni norður var áð tvisvar til að ferðalangar gætu aðeins teygt úr sér. Fyrsti viðkomustaður var við Falkirk Water Wheel, en það er hringsnúandi skipalyfta sem tengir saman Forth and Clyde og Union skipaskurðina og er nú vinsæll ferðamannastaður. Einnig var komið við í bænum Pitlochry, sem er vinsæll ferðamannabær og hefur verið það síðan Viktoría drottning kom þangað um 1840. Til Inverness var komið að kvöldlagi, en þar var gist næstu þrjár nætur.

Mánudagur 26. september

Þessi dagur var helgaður eyjunni Skíð (Skye). Veðrið hafði skánað til muna frá deginum áður og var orðið þurr og fór meira að segja að skína sól. Sem dæmi um hversu rigningarsamt sumarið hafði verið benti annar bílstjórinn fólki sérstaklega á að taka myndir



Skipalyftan í Falkirk er mikið mannvirki og óvenjuleg hönnun. Mynd: RF



Við Loch Ness. Almennir vegir í hálöndunum eru víða nokkuð þröngir og aðkomuvegir enn þá frekar, sem gerir það að verkum að rútur komast ekki að sums staðar. Þar getur auk þess trjágróður sem slútir yfir verið til vandkvæða. Mynd: RF

af þessu bjarta á himninum, því það hefði lítið sést um sumarið! Dagurinn byrjaði annars á akstri meðfram Loch Ness vatninu og gátu ferðalangar svipast um eftir skrímslinu Nessie um leið og ekið var hjá. Reyndar var víða erfitt að sjá út á vatnið fyrir trjám og var ekki laust við að mörgum þætti full þörf á að grisja aðeins á nokkrum stöðum, þannig að hægt væri að sjá óhindrað út á vatnið inn á milli.

Fyrsti viðkomustaður dagsins var við Eilean Donan kastalann. Kastalinn stendur úti á smáeyju í Loch Duich vatninu, tengdur við land með brú. Hann var upprunalega byggður á 13. öld, en að miklu leyti eyðilagður á 18. öldinni og svo endurgerður á 20. öld.

Frá kastalanum var ekið til Kyle of Lochals og farið þar á brú yfir til Skíðs. Brúin er tiltölulega nýleg en hún opnaði 1995 og var byggð sem hluti af einkaframkvæmdastefnu stjórnvalda. Brúin var mjög umdeild á sínum tíma vegna hárra vegatolla um hana. Eftir miklar deilur, handtökur á fólki sem neitaði að borga og mörg málaferli, lauk málinu með því að skoska þingið samþykkti að kaupa brúna árið 2004 og aflagði um leið gjaldtöku. Á Skíð var ekið til Portree, sem er stærsti bær eyjunnar, og var þar haft hádegishlé.

Því næst var haldið til baka til meginlandsins og stefnan tekin aftur á Inverness. Nokkur stutt stopp voru á leiðinni, við Glengarry útsýnisstaðinn, í Fort Augustus og við Urquhart kastalann. Því miður sást takmarkað til hans, því þetta seint á deginum var



Eilean Donan kastalinn stendur skemmtilega úti á smáeyju og er einn af mest mynduðu kastölum Skotlands. Mynd: RF

búið að loka fyrir aðgang að honum og trjágróður byrgði nokkuð sýn.

Priðjudagur 27. september

Byrjað var á að heimsækja Glen Ord viskíverksmiðjuna í Muir of Ord, þar sem farið var yfir ferlið við að búa til þessa eina frægustu afurð Skotlands og fengu ferðalangar einnig að smakka á framleiðslunni. Því næst var haldið til bæjarins Dingwall (Þingvalla), en hann er einn af mörgum „Þingvöllum“ sem finnast á

Bretlandseyjum. Svo skemmtilega vildi til að á sama tíma og hópurinn var þar á ferðinni var í gangi fundur aðila hinna ýmsu Þingvalla (á Bretlandseyjum, í Noregi, Færeyjum og fleiri stöðum) og þar á meðal fulltrúi Þingvallaþjóðgarðs. Í Dingwall var þingstaður til forna, en lítil ummerki sjást um hann nú, bara ein súla sem reist var til að marka hann og stendur hún í miðju bílastæði. Frá Dingwall var haldið aftur til Inverness, þar sem hópnum var gefinn frjáls tími það sem eftir var dags.



Eyjan Skíð er ekki eins skógi klædd og meginlandið næst henni, en þó hefur þar verið gróðursett töluvert, inn á milli akra og heiðalandslags. Mynd: RF



Skið er eitt höfuðvigi geliskunnar í Skotlandi, eins og sjá má á því að öll vegaskilti þar eru bæði á gelísku og ensku (og gelísku að sjálfsgöðu fyrst!). Mynd: RF

Miðvikudagur 28. september


Inverness var kvatt að morgni og stefnan tekin suður á bóginn, en nú stóð til að aka um „Big Tree Country“ – land hinna stóru skóga. Fyrst var ekið að lendum hertoganna af Atholl, en skógræktarframtak þeirra á 18. og 19. öldinni gaf þeim viðurnefnið „Planting Duke’s“ eða „Gróðursetningahertogarnir“, enda voru gróðursett um 27 milljón barrtré fyrir tilstilli þeirra á milli 1738 og 1830. Ekið var að Blair Atholl kastalanum og haldið í gönguferð um skógarlund þar, Diana’s Grove, en þar eru mjög há tré, meðal annars risaþinur sem talinn er vera næst hæsta tré Bretlandseyja, tæpir 63 m á hæð.

Því næst var ekið um Cairngorms þjóðgarðinn til Dunkeld. Þar voru sett niður lerkitré 1738 til að fá fræ fyrir hinar viðamiklu gróðursetningar sem síðar urðu. Eitt þessara trjáa lifir enn og stendur það við enda Dunkeld dómkirkjunnar. Er það tré „móðir“ milljóna lerkitrjáa í Skotlandi. Eftir að tréð var heimsótt var svo ekið til Aberfeldy þar sem ferðalangar fengu hádegishlé. Gafst þar tími til að fá sér hádegismat og jafnvel kíkja á Birks of Aberfeldy, skógarsvæði meðfram Moness Burn ánni, en það hefur verið vinsælt útivistarsvæði í nær tvær aldir.

Frá Aberfeldy var farið til Fortingall, en þar má finna eitt elsta tré í heimi, ývið sem stendur í kirkjugarðinum þar. Mat á aldri trésins er á bilinu 3-9 þúsund ár, en erfitt er að aldursgreina það þar sem hár aldur trésins og skemmdarverk á því í gegnum tíðina hafa leitt til þess að stóra hluta þess vantar. Frá Fortingall var svo haldið til smábæjarins Drymen, sem var gististaður hópsins næstu þrjár næturnar.



Minnismerki um gamla þingstaðinn í Dingwall. Það var ekki laust við að íslenskum ferðalöngum fyndist honum heldur lítill sómi sýndur með því að nota hann sem bílastæði. Mynd: Guðjón Jensson



Við Blair Atholl kastalann eru mörg stór og tignarleg tré. Mynd: RF





Hópurinn við David Marshall Lodge. Mynd: RF

Fimmtudagur 29. september

Þessi dagur var tileinkaður Queen Elizabeth Forest Park og nágrenni. Byrjað var á að fara til gestamiðstöðvarinnar David Marshall Lodge, rétt utan við Aberfoyle, þar sem David Robertson og Hugh Clayden hjá skosku skógstjórninni tóku á móti hópnum og fræddu ferðalangana um stofnunina, málefni skógræktar í Skotlandi, helstu áherslur og vandkvæði í skógrækt. Kom skýrt fram í erindum þeirra hversu mikil áhersla er lögð á að skógrækt njóti almenns velvilja í samfélaginu, að hún sé fjölbreytt, þar sem aðstæður og áherslur geta breyst og að hún sé vel skipulögð, eða eins og Hugh komst að orði (lauslega þýtt): „það sem sett er niður í dag er skógurinn sem fólk sér eftir 60 ár“.

Frá David Marshall Lodge var ekið um Duke's Pass til Loch Katrine vatnsins. Í Duke's Pass voru æskustöðvar Sandys, en hann fæddist og ólst upp í þorpi sem byggðist upp í kringum mikla grjótnámu sem þar var. Enn má sjá leifar námunnar, en byggðin er öll farin utan eins húss og myndi engum ókunnugum detta í hug að á svæðinu hefði verið heilt þorp

TIL VINSTRI: „Móðir“ milljóna lerkitrjáa í Skotlandi, um 270 ára gamalt lerkitré. Ef vel er að gáð má sjá kollana á ferðalöngunum við tréð, sem gefur hugmynd um stærð þess. Mynd: RF

fyrir rúmri hálfri öld. Við Loch Katrine hitti hópurinn svo Liz Shortall og Russell Lamont frá skosku skógstjórninni og sögðu þau nánar frá svæðinu og verkefni sem er í gangi um friðun og endurheimt skóglendis kringum vatnið, en það er mjög mikilvægt, þar sem neysluvatn Glasgow borgar kemur þaðan.

Að fræðslu þeirra lokinni gafst tími til að ganga meðfram vatninu og skoða skóginn í kring, áður en kom að siglingu á vatninu. Um kaffileytið var stigið um borð í hið hundrað ára gamla gufuskip



Russell Lamont, David Robertson og Liz Shortall segja frá Loch Katrine svæðinu. Mynd: RF

Sir Walter Scott og farið í klukkutíma siglingu um vatnið. Naut skógurinn í haustlitunum sín vel séð frá skipinu.

Að siglingu lokinni var aftur stigið upp í rútu og haldið til Drymen. Um kvöldið var haldinn skoskur hátíðarkvöldverður, sem hófst með því að sekkjapípuleikari leiddi gesti inn í matsalinn. Máltíðin samanstóð af ýmsum skoskum réttum – skoskri súpu, lambalæri og „cranachan“, sem er hefðbundinn skoskur eftirrétur. Að sjálfsgögðu var einnig boðið upp á þjóðarréttinn haggis (skoskt slátur) og voru tveir herra menn úr hópnum dubb-

aðir upp í skotapils til að fylgja haggis-inu inn og út úr salnum samkvæmt siðvenju. Inn á milli rétta blés svo sekkjapípuleikari í pípurarnar og ung snót dansaði hefðbundinn skoskan dans.

Föstudagur 30. september

Þessi dagur var trjádagurinn mikli, en tveir grasa-garðar voru þá heimsóttir. Byrjað var á að heim-sækja Ardkinglas Woodland Garden. Garðurinn er í skjólsælli hlíð, alls um 10 hektarar að stærð og með fjölbreyttan trjágróður. Meðal annars er þar safn stórra og mikilla trjáa og er eitt þeirra hæsta tré

Skógrækt í Skotlandi

Skotar, líkt og við Íslendingar, glímdu við nærri algjöra skógaryeyðingu. Þeir tóku hins vegar mun fyrr og fastar á þeim málum heldur en hér var gert. Ítarlega umfjöllun um þau mál má finna í grein eftir Jón Geir Pétursson í 1.tbl. Skógræktarritsins 1999.

Skotland, eins og Ísland, var skógi þakið eftir lok síðustu ísaldar. Með tilkomu akuryrkju og búfjárhaldi, fyrir um 4000 árum, hófst hægfareyðing skóga í Skotlandi. Skógaryeyðing jókst mikið með iðnvæðingunni á 17. öld og þegar kom fram á 18. öld komu einnig til breyttir búskaparhættir, en sauðfjárbúskapur jókst þá mikið, sem hafði áhrif á endurnýjun skóganna. Stofnar villtra beitardýra hafa einnig stækkað mikið, sem hefur bæði leitt til skemmda á skógum og minni endurnýjun.

Þekja skóga er talin hafa náð lágmarki í Skotlandi um miðja 18. öld. Þá þegar voru einstaka menn farnir að huga að endurheimt skóglenda með friðun og nýræktun og hefur verið lögð mikil áhersla á endurheimt skóglendis síðan. Skógrækt á stærri skala hófst að ráði á 19. öld, þegar margir efnaðir jarðeigendur hófu skógrækt á jörðum sínum. Í fyrri heimsstyrjöldinni ráku Bretar sig svo á að þá vantaði skóga – stríðsrekstur gerði innflutning timburs erfiðari eða ómögulegan, auk þess sem viðarkol voru enn víða nýtt til hitunar. Strax eftir stríð voru því skógræktarlög sett og var Ríkisskógræktin (Forestry Commission) stofnuð í kjölfarið. Ríkisskógræktin stóð á næstu áratugum fyrir töluverðri skógrækt í Skotlandi, sérstaklega á löndum í eigu ríkisins. Mest var gróðursett af sitkagreni, en einnig töluvert af stafafuru, rauðgreni og döglingsvið. Skógrækt jókst svo mikið eftir seinni heimsstyrjöldina og var mest áhersla lögð á gróðursetningu fljót-sprottinna timburskóga. Á 8. áratugnum var komið á opinberu styrkjakerfi til skógræktar og færðist þá mest af nýskógrækt frá ríkinu yfir til einkaaðila. Bæði voru í boði styrkir til einstakra landeigenda og eins gátu þeir sem ræktuðu skóg fengið ræktunina dregna frá tekjuskatti. Efnamenn fjárfestu því í stórum stíl í skógrækt og hefur umfang skóga því rúmlega þrefaldast frá seinna stríði, en skógar þekja nú um 1,4 milljónir hektara, eða 17% landsins.

Þessi nýskógrækt var hins vegar ekki óumdeild. Í meginatriðum beindist gagnrýnin að því að skógar voru nær eingöngu gróðursettir til að hámarka viðarframleiðslu skóganna, auk þess sem það lagðist misvel í fólk að efnamenn gætu fengið skattaafslátt út á að leggja landið undir „iðnaðarskóga“. Fyrir vikið hafa áherslur skógræktar mikið breyst á undanfórnum tveimur áratugum og er nú mun meira tillit tekið til umhverfis- og félagslegra þátta, náttúru- og menningarminja.

Samkvæmt stefnumótun fyrir skóga Skotlands má skipta markmiðum skógræktar í Skotlandi í þrjá þætti. Í fyrsta lagi er verndun upprunalegra skógarleifa og svæða með mikil verndar- eða útivistargildi. Í öðru lagi er þróun skógræktar og samvinna við ýmsa aðila til atvinnuuppbyggingar, sérstaklega í dreifbýli, bæði tengt timburframleiðslu og ferðaþjónustu. Í þriðja lagi er uppbygging borgarskóga og skógarsvæða við þéttbýli. Á það sérstaklega við syðsta hluta landsins, um það bil svæðið á milli Edinborgar og Glasgow, en þar búa um 70% íbúa landsins.



Gufuskipið Sir Walter Scott við bryggju, tilbúið að taka á móti ferðalöngunum. Eins og sjá má er skógurinn í kring býsna fjölbreyttur. Mynd: RF

Bretlandseyja, risapínur (*Abies grandis*) sem er rúmlega 64 m á hæð. Einnig er þar mikið safn lyngrósa (*rhododendron*) og er garðurinn mikið heimsóttur á blómstrunartíma þeirra.

Því næst var ekið til Inverary og snæddur þar hádegisverður í Inverary kastalanum. Þaðan var svo haldið til Benmore grasagarðsins. Garðurinn

er geysistór, um 48 hektarar að stærð og mjög mis-hæðóttur, sem gerir það að verkum að hann býður upp á aðstæður fyrir fjölda plöntutegunda. Í garðinum má meðal annars sjá trjágöng risafuru, hefðbundinn skrúðgarð, burknasafn, plöntur frá Bhutan, Chile, Japan og Tasmaníu og margt fleira. Það var því margt að skoða fyrir ferðalangana. Það stóð svo



Eftir gagnrýni á gróðursetta skóga fyrri ára fyrir hversu einsleitir og „ferkantaðir“ þeir væru, hefur verið lögð meiri áhersla á að fjölga trjategundum og fella skóga betur að landslagi. Mynd: RF



nokkurn veginn á endum að um það leyti sem var kominn tími til að fara aftur í rútuna var skrúfað frá krana í háloftunum og úrhellisrigning brast á og hélst hún alla leiðina aftur til Drymen.

Laugardagur 1. október

Um morguninn var Drymen kvatt og haldið til Stirling. Veðrið hafði ekkert breyst frá gærdeginum, þannig að það var grá og blaut Stirling borg sem tók á móti hópnum. Hópurinn var ekkert að láta það slá sig út af laginu, heldur hélt ótrauður í skoðunarferð um Stirling-kastalann. Kastalinn er einn af þeim þekktustu í Skotlandi, enda hefur hann leikið stórt hlutverk í sögu landsins. Þó nokkrir konungar og drottningar Skotlands bjuggu þar og mikilvægar orrustur háðar við hann, en alls mun hafa verið ráðist á eða setið um kastalann að minnsta kosti sextán sinnum í gegnum aldirnar.

Eftir heimsóknina í kastalann var haldið til Glasgow, þar sem gist var síðustu nóttina. Þangað var komið um hádegið og fékk hópurinn frjálsan tíma það sem eftir var dags. Nýtti fólk sér það allt eftir áhugamálum – skoðuðu söfn eða garða, kíktu í búðir eða bara gengu um og skoðuðu bæinn.


Sunnudaginn 2. október var svo flogið heim frá Glasgow upp úr hádegi.

Lokaorð

Skógræktarfélag Íslands hefur einu sinni áður staðið fyrir fræðsluferð til Skotlands, árið 1997. Það þótti því kominn tími til að heimsækja þessa næstu nágranna okkar til suðurs aftur. Skotar stóðu, eins og við, frammi fyrir því að þurfa að byggja skógaraudlind sína upp því sem næst frá grunni. Þeir hafa, eins og við, byggt sína timburskógrækt að mestu á erlendum trjátegundum, en horft meira til innlendu tegundanna fyrir yndisskóga. Munurinn á okkur og Skotum er hins vegar sá, að þeir hófust mun fyrr handa við að endurheimta sína skóga og eru þeir því komnir mun framar í tilraunum og þróun á hinum ýmsu hliðum skógræktar hjá sér en við. Eins er óhætt að segja að skógrækt í Skotlandi hafi notið mun meiri stuðnings hins opinbera heldur en skógrækt hér á landi. Fyrir vikið hafa þeir, á rúmum 100 árum, náð að auka flatarmál skóga úr 4% í um 17%, en á sama tíma hefur flatarmál skóga hér farið

Hæsta tré Bretlandseyja, risaþinur í Ardkinglas. Mynd: RF

TIL HÆGRI: Myndarleg trjágöng í Benmore grasagarðinum úr risafuru (Sequoiadendron giganteum), gróðursettri 1873. Mynd: RF





*Þessar prúðbúnu dömur tóku á móti gestum í hátíðarsal (Grand Hall) Stirling-kastala.
Mynd: Alexander Robertson*

Heimildir

Forestry Commission. á.á. Scotland. Af vefsíðu 10.10.2011. <http://www.forestry.gov.uk/website/fcho-mepages.nsf/hp/Scotland>.
Jón Geir Pétursson. 1999. Skógur og skógrækt í Skotlandi. Skógræktarritið 1999, 1. tbl.: 111-120.
MacLean, F. 1970. A concise history of Scotland. Thames and Hudson, London. 239 bls.
The Perthshire Big Tree Country Heritage & Access Project. á.á. Big Tree Country. Af vefsíðu 10.10.2011. <http://www.perthshirebigtreecountry.co.uk/>.
Wikimedia Foundation Inc., 2011: Scotland. Af vefsíðu 10.10.2011. <http://en.wikipedia.org/wiki/Scotland>.
Ýmis upplýsingaskilti, bæklingar og leiðsögumenn á hverjum stað.

úr tæpu prósentu í um 1,3%. Við höfum hins vegar fyrir vikið tækifæri til að læra af reynslu þeirra – Skotland dagsins í dag getur gefið vísbendingar um Ísland framtíðarinnar.

Þakkir

Ferðafélögunum er þakkað fyrir ánægjulega samfylgd, sem og fararstjórum fyrir þeirra hlut. Sérstakar þakkir fær Sandy Robertson, fyrir skipulagningu ferðarinnar og leiðsögn í henni, og Geraldine Robertson, fyrir lánið á eiginmanninum!



Hreinsibúnaður fyrir skó í Ardkinglas garðinum. Ýmsar pestir (smádyr, sveppir, vírusar og bakteríur) er töluvert vandamál í Skotlandi, en mikið kemur inn með innfluttum plöntum með mold. Mynd: RF



Burknasafnið í Benmore grasagarðinum. Bæði meðfram stígunum og inni í húsinu er safn burkna héðan og þaðan úr heiminum. Mynd: RF